

# Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri

2017 - 2018



Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2017 -2018

Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Skýrsla um skólahlald .....	3
Markmið og stefna .....	4
Starfsmarkmið .....	4
Niðurstöður.....	4
Skólastefna .....	5
Niðurstöður.....	5
Skólahlald .....	5
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda .....	5
Forföll nemenda .....	6
Forföll kennara og starfsmanna .....	6
Niðurstöður samræmdra prófa .....	7
Aðkeypt þjónusta.....	7
Sjálfsmat .....	7
Niðurstöður .....	8
Samantekt.....	12
Umbótaáætlun .....	13
Þarfagreining .....	14
Viðhald.....	14
Fjárfestinga .....	15
Fjárhagsáætlun .....	15

## Inngangur

Grunnskólinn á Suðureyri hóf starfsemi 1908. Skólastjóri er Þormóður Logi Björnsson.

Skipulag innra mats í Grunnskólanum á Suðureyri byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar er höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Skólastjóri setur upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Áætlun fyrir 2018-2021 var uppfærð að vori 2018, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsamannafundi. Hlutverk skólastjóra í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

## Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2017 - 2018 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Í skólanum voru 40 nemendur og rúmlega 5 kennarastöður og ein og hálf starfsmanna staða.

Á liðnu skólaári héldum við áfram með smiðjur fyrir yngri nemendur í list- og verkgreinum sem reynst hafa vel, en þær voru fyrst prófaðar skólaárið 2015 - 2016. Val hjá eldri nemendum var í ár 6 tímar á viku. Á liðnu ári buðum við upp á 15 mismunandi vöð fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. En nemendur fengu að velja sér það sem þau vildu læra t.d. skólablað, skólahreysti, útivist og hreyfingu og spænska.

Grunnskólinn á í mjög góðu samstarfi við nærsamfélagið. Öll fyrirtæki á svæðinu hafa stutt við bakið á öllu því sem nemendum dettur í hug. Með dyggum stuðning frá samfélaginu gáfu nemendur út skólablað og héldu 430 fest, samskólaball sem haldið var í ár í þriðja sinn. Starfsmaður á launum hjá Klofningi kenndi í vetur tælensku sem móðurmál annað árið í röð og gekk það mjög vel. Á liðnu skólaári fengu allir nemendur móðurmálskennslu en auk tælensku var pólsku kennari í starfi við skólann. Það er skólanum mjög mikilvægt að hafa samfélagið með sér í liði á þennan hátt.

Samstarfs við Tjarnabæ gekk vel eins og fyrri ár. Nemendur sem byrja í skólanum núna í haust, komu fyrst í heimsókn fyrir áramót. Eftir áramót komu þau svo reglulega í skólann. Þau fengu að taka þátt í öllum tímum og einnig sérstaka tíma ein með tilvonandi umsjónarkennara. Einnig hafa skólarnir sameinast um menningarviðburði og ferðir. Við ætlum að sjálfsögðu að halda þessu samstarfi áfram og jafnvel bæta í.

Skólinn var settur 23. ágúst með markmiðsviðtölum eins og undanfarin ár. Við héldum áfram að nota heimasíðu skólans, en um 110 fréttir voru settar inn á heimasíðu skólans á árinu. Við vorum einnig dugleg á facebook, en öllum fréttum af heimasíðunni var deilt þangað. Heimasíðan hefur á síðastliðnum þrem árum fengið um 23.000 innlit og um 57.000 flettingar. Facebook síða skólans hefur notið mikillar vinsældar en henni hefur nú verið lokað og er það í höndum næsta skólastjóra hvernig hann notar facebook í samræmi við ný persónuverndarlög.

Í september tókum við aftur þátt í Norræna skólahlaupinu og göngum í skólann og bættum okkur aðeins frá því í fyrra. Samræmd könnunarpróf voru þreytt á tölvum og gekk framkvæmdin vel í 4. og 7. bekk en mjög illa í 9. bekk. Við tókum þátt í litlu og stóru íþróttahátíðunum. Fjármálavit kom í heimsókn og við fengum einnig listakonu í heimsókn.

Við héldum brunaæfingu sem gekk vel. Í byrjun desember var opin dagur í skólanum en þá eru foreldrar sérstaklega hvattir til að koma í heimsókn. Nemendur fönnduðu og litlu jólin voru haldin hátíðleg 20. desember.

Fyrsti skóladagur eftir jólafrí var 4. janúar. Lokahönd var lögð á námsmat skólans og nemendur fengu það afhent á foreldrafundum í lok janúar. Sundkennsla fór fram í lotum í vetur sú fyrri í október og sú seinni í maí. Nemendur fengu þá 4 - 8 sundtíma í viku í 2 vikur að hausti og 3 að vori. Foreldrafélagið hélt mjög vel heppnað þorablót og skólahreysti undirbúningur fór á fullt. Við tókum þátt í upplestrarkeppninni unnum hana og tókum í fyrsta sinn þátt í lokakeppni skólahreystis. Liðið var sameiginlegt lið Suðureyriar og Súðavíkur og nemendur í 4. - 10. bekk fóru í borgarferð til að hvetja liðið áfram.

## Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2017 -2018

Skólasýning skólans var mjög glæsileg en við héldum upp á 110 ára afmæli skólans, en Grunnskólinn á Suðureyri var fyrst settur að hausti 1908. Við tókum í notkun nýtt merki fyrir skólann og allir nemendur fengu skólapeysur í samstarf við foreldrafélagið. Skóla var slitið 5. júní og sama dag voru tveir nemendur innritaðir í 1. bekk fyrir næsta skólaár.

### Markmið og stefna

#### Starfsmarkmið

*Að stuðla markvisst að ábyrgð nemenda á námi og hegðun.*

Leið: Með því að aðstoða nemendur við að setja markmið og ná þeim. Vinna að auknu sjálfstæði og valhæfni nemenda í t.d. námsáætlanagerð og sjálfsmati. Viðmiðið er frjálssari skólabragur og aukin ábyrgðartilfinning nemenda. Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

*Að bæta samskipti milli heimila og skóla.*

Leið: Með öflugri upplýsingamiðlun til foreldra. Með virkri heimasíðu og tölvupóstum. Halda reglulega fundi með foreldrum og að vinna náið með foreldrasamfélaginu að öflugri skólastarfi. Með því að vera með símat á mentor sem foreldrar geta fylgst með námsframvindu nemanda. Umsjónarkennarar fara yfir mentor með foreldrum í öllum foreldrasamtölum. Árangursmæling: Með foreldrakönnun Skólapúlsins.

*Að auka ánægju af lestri.*

Leið: Yndislestur á hverjum degi, átök í lestri og aukins orðaforða nemenda. Kennarar og starfsfólk tali fyrir mikilvægi lestars reglulega. Með því að kennarar hvetja heimili til að lesa og hvetja nemendur til lestars. Viðmið er að nemendur lesi reglulega og læri að njóta þess. Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

*Að auka samþættingu námsgreina.*

Leið: Skipuleggja samþættingu námsgreina t.d. með verkefnavinnu þar sem hæfniviðmið í að minnsta kosti tveim námsgreinum koma við sögu og með þemaverkefnum þar sem mörg hæfniviðmið úr fjölbreyttum námsgreinum koma við sögu. Viðmið er að nemendur fari í að minnsta kosti tvö samþætt verkefni á önn og eitt þemaverkefni þar sem margar námsgreinar koma við sögu. Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

#### Niðurstöður

- Starfsmarkmið voru endurskoðuð á skólaárinu í takt við nýjar áherslur. Í nýjum markmiðum viljum við stuðla að árangri nemenda og ábyrgð. Bæta samskipti við heimilin, auka ánægju af lestri og samþætta námsgreinar í meira mæli. Við höfum verið að vinna að meiri samskiptum við heimilin og ýmislegt var reynt á skólaárinu. Fundir þar sem foreldrar vinna sjálfir að lausnum reyndust vel og ætlum við að nota þá aðferð í auknum mæli. Nemendur lesa mikið í Grunnskólanum á Suðureyri og þau standa sig vel í námi. En betur má gera í báðum liðum.
- Kennarar hafa verið að prufa að samþætta námsgreinar en starfsmannafundur var sammála um að það þyrfti að gera meira af því og ætlum við að vera dugleg að samþætta á næsta skólaári.

## Skólafestna

### Einkunnarorð

#### Ástundun, árangur, ánægja

Stefna Grunnskólans á Suðureyri er að:

- fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla,
- skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga þeirra á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra,
- nemendur borði hollan og góðan mat og stuðla að aukinni hreyfingu nemenda,
- vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

#### Niðurstöður

- Skólanámskrá var á árinu aðlöguð að aðalnámskrá og einkunnargjöf samkvæmt nýjum stöðlum. Endurskoðuð drög að skólanámskrá var samþykkt í vor. Vinna við bekkjarnámskrár þarf að fara fram í haust.
- Samkvæmt skólapúlsinum er starfsánægja starfsmanna fyrir neðan landsmeðaltal. Nemendur og foreldrar eru ánægðir með skólann sem vinnustað.
- Samkvæmt Skólapúlsi nemenda þá erum við yfir landsmeðaltali hvað varðar ánægju og áhuga nemenda á námi. Við höfum aldrei komið jafn vel út í nemendakönnun skólapúlsins.
- Við höfum í vetur stuðlað að aukinni hreyfingu m.a. með því að hafa hana reglulega í skólanum og stuðla að því að nemendur taki þátt í íþróttastarfi. Það hefur gengið vel. Nemendur borða hollan mat í skólanum. Við erum yfir landsmeðaltali hvað varðar matarvenjur og hreyfingu samkvæmt skólapúlsi.
- Markvisst hefur verið unnið að góðum samskiptum við heimili á skólaárinu. Á næsta skólaári stendur til að bjóða foreldrum oftari á vinnufundi í skólanum.

## Skólahald

### Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

40 nemendur voru í Grunnskólanum á Suðureyri í 3 bekkjardeildum. Í erlendum tungumálum og smiðjum var skipt öðruvísi. 14 nemendur eru með pólsku og 5 nemendur tælensku sem móðurmál. Skólinn fékk úthlutað 148 kennslustundir.

#### Yngri hópur – 18 nemendur

1. bekkur – 2 nemendur
2. bekkur – 3 nemendur
3. bekkur – 7 nemendur
4. bekkur – 6 nemendur

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2017 -2018

**Miðhópur** – 13 nemendur

5. bekkur – 2 nemendur
6. bekkur – 5 nemendur
7. bekkur – 6 nemendur

**Eldri hópur** – 9 nemendur

8. bekkur – 3 nemendur
9. bekkur – 2 nemendur
10. bekkur – 4 nemendur

**Forföll nemenda**

42 nemendur hófu og 40 luku námi við Grunnskólann á Suðureyri í vetur.

Fjarvistardagar nemenda: 490 (463)

Veikindadagar nemenda: 198 (193)

Leyfis dagar nemenda: 292 (270)

Óheimilar fjarvistar voru engar og seint 53. Tölur í svigum eru frá skólaárinu 2016 - 2017.

Foreldrum var gert grein fyrir verulegum fjölda fjarvistardaga á þar síðasta ári og dagar á þessu ári eru samskonar.

**Forföll kennara og starfsmanna**

10 starfsmenn voru í vinnu við Grunnskólann á Suðureyri í vetur. Auk þess var námsráðgjafi í hlutastarfi og tælensku kennari borgaður af fyrirtæki hér á Suðureyri. 3 kennaramenntaðir kennarar, 3 leiðbeinendur, skólastjóri og 3 almennir starfsmenn.

Stöðugildi: 1 staða skólastjóra, 5,35 staða kennara og 1,38 staða almennra starfsmanna.

Forföll kennara: 577 tímar (659)

Greidd forföll: 16 tímar (77)

Forföll almennra starfsmanna: 16 dagar (19). 2 dagar vegna veikinda og 14 vegna leyfa.

Tölur í svigum eru frá skólaárinu 2016 - 2017. Þriðja árið í röð voru kennarar frá í langtímaveikindum. Það tókst að fækka greiddum forföllum umtalsvert frá því í fyrra. Greiddum forfallatímum hefur fækkað mikið síðastliðin 3 ár. Það féllu niður rúmlega 80 tímar. Aðallega er um sérkennslutíma að ræða en einnig örfáa tíma eftir hádegi. Þessi hagræðing næst með samkomulagi við starfsmenn og kennara um að vinna af sér leyfi með forföllum og yfirvinnu og sameiningu hópa.

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2017 -2018

### Niðurstöður samræmdra prófa

Líkt og í fyrra erum við ekki að stand okkur nægilega vel í 7. bekk. Of fáir tóku samræmd próf í 9. bekk til að hægt sé að birta tölur þar.

2017-18 / Síðustu 5 ár	Íslenska	Stærðfræði	Enska
4. bekkur	25,7 / 22,8	35,0 / 29,1	
7. bekkur	19 / 23,1	25 / 22,5	
9. - 10. bekkur	?? / 28,5	?? / 24,5	??/ 28,4

### Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Við höfum keypt túlkajónustu fyrir foreldrafundi og aðra mikilvæga fundi. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur á samskólahátíðir, í vorferðir og á viðburði.

### Sjálfsmat

Í 35. og 36. gr. VIII kafla í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólstarfsins. Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2017-2018. Sjálfsmat er gert til að átta okkur á hvaðan við erum að koma og hvert við ætlum. Við skoðuðum, framfarir í skólstarfi, samræmi skólstarfsins við lögboðnar skyldur, námsreynslu nemenda, jafnrétti og sanngirni og sjálfsmat sem undirstöðu umbótastarfs. Við notum Gæðagreinini 2, nr. 1.1, 1.2, 2.1, 5.6, og 5.9. Gæðagreinir er skoskur og heitir á frummálinu „How good is our school?“ og er þýddur á vegum Skólaskrifstofu Skagafjarðar. Við fórum saman yfir Gæðagreininn og rökræddum hverja spurningu fyrir sig og komumst að lokum að sameiginlegri niðurstöðu, ásamt því að nota niðurstöður úr skólalúlsi til frekari glöggvunar.

Í þessari skýrslu koma fyrst spurningar úr Gæðagreininum og síðan einkunn sem við gefum þeim ásamt stuttum skýringum sé niðurstaðan fjórir eða minni. Síðan kemur samantekt og að lokum umbótaáætlun fyrir þá þætti sem fá fjóra eða minna í einkunn. Þeir þættir sem fá fimm eru með smávægilegum athugasemdum sem við hugum að í störfum okkar sem kennarar.

Spurningarnar voru í formi fullyrðinga og svarmöguleikarnir voru þessir:

1 ófullnægjandi

2 slakt

3 nægilegt

4 gott

5 mjög gott

6 framúrskarandi



## Niðurstöður

### Gæðagreinir 1.1

#### Framfarir í skólastarfi.

- A. Við höfum aukið árangur og/eða viðhaldið góðum námsárangri nemenda. **4. Námsárangur hefur haldist en við verðum að stefna á meiri árangur.**
- B. Nemendur í skólanum okkar taka mjög góðum framförum í námi. **4. Flestir nemendur ná framförum en þurfum að huga betur að þeim sem ekki gera það.**
- C. Árangur einstaklinga og hópa nemenda hefur aukist jafnt og þétt.. **5. Við sjáum árangur aukast en þurfum að koma þeim betur af stað sem standa í stað í námi.**
- D. Árangur skólans er sambærilegur við aðra svipaða skóla og einnig við árangur á landsvísu, svo sem á samræmdum könnunarprófum. **5. Árangur er oftast í eða aðeins fyrir ofan meðallag.**
- E. Við höfum aukið árangur í skólastarfi með tilliti til árangurs allra nemenda.. **3. Við eyðum meiri tíma í þá nemendur sem standa illa að vígi. Þurfum að gefa okkur líka tíma fyrir nemendur sem standa sig vel og þurfa jafnvel meira krefjandi námsefni.**
- F. Á heildina litið eru nemendur okkar farsælir, sjálfsöruggir, ábyrgir og virkir í skólanum og samfélaginu. **5.**
- G. Þeir eru persónulega og félagslega hæfir og hafa náð árangri í fjölbreyttum viðfangsefnum. **5.**
- H. Forgangasverkefni í umbótaáætlun/þróunaráætlun okkar hafa haft merkjanleg áhrif á árangur og velferð nemenda okkar og skólastarfið í heild. **5.**

#### Sterku hliðarnar okkar:

- Árangur hefur aukist og er oftast í eða fyrir ofan meðallag.
- Nemendum líður vel, eru sjálfsöruggir, ábyrgir og virkir í skólanum.

#### Veiku hliðarnar okkar:

- Námsárangur hefur viðhaldist en við viljum stefna á meiri árangur þar. .
- Flestir eru að ná framförum en huga þarf betur af þeim sem standa illa og einnig má ekki gleyma nemendum sem þurfa meira krefjandi námsefni.

### Gæðagreinir 1.2

#### Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur.

- A. Fjárhagsleg stjórn skólans tekur mið af forgangsverkefnum sveitarfélagsins og á landsvísu. **6.**
- B. Ákvarðanir okkar um fjármál endurspegla þarfir skólans og nemenda hans. **6.**
- C. Notuðum ekki þennan lið þar sem hann á ekki við.
- D. Við uppfylfum vel lögbundnar skyldur og viðmið um starfshætti sem yfirvöld menntamála og fagaðilar setja. **6.**

- E. Starfsfólk nemendur, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar okkar þekkja hvers er vænst á þessum sviðum og taka þátt í að uppfylla lögboðnar skyldur. **5.**

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Fjárhagsleg stjórn skólans er góð og endurspeglar þarfir skólans og nemenda hans.
- Lögboðnar skyldur eru uppfylltar.

**Veiku hliðarnar okkar:**

- Engar veikar hliðar eru í þessum lið.

**Gæðagreinir 2.1**

**Námsreynsla nemenda.**

- A. Nemendur okkar eru áhugasamir og virkir þátttakendur í námi sínu. **5. Flestir eru það og við höldum áfram að vinna með þeim nemendum sem þurfa á aðstoð að halda.**
- B. Þeir taka virkan þátt í eigin námi og þroska og sýna vaxandi færni í námi. **5.**
- C. Þeir fá góða endurgjöf sem gerir þá meðvitaða um framfarir sínar og styrkleika sem námsmanna. **4. Verið er að þróa og vinna að bættu námsmati.**
- D. Nemendur eru ábyrgir og leggja sitt af mörkum í skólastarfi og til samfélagsins. **5,**
- E. Í okkar skóla er komið fram við nemendur á jafnréttisgrundvelli og af sanngirni og virðingu. **6.**
- F. Næstum allir nemendur, að meðtöldum nemendum með sérþarfir, taka góðum framförum í námi og ná almennum árangri. **5.**
- G. Nemendur okkar vita að leitað er eftir sjónarmiðum þeirra og komið til móts við þá. **4. Þetta er gert á unglíngastigi og við þurfum að huga betur að miðstigi.**
- H. Þeir segja okkur að þeir séu mjög ánægðir með það sem skólinn hefur að bjóða. **5.**
- I. Þeim finnst þeir vera metnir að verðleikum, hafi eðlileg tækifæri til að koma fram með skoðanir sínar og að tekið sé tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í skólanum. **5.**
- J. Nemendur okkar eru farsælir, sjálföruggir og ábyrgir og gefa mikið af sér í skólanum og í samfélaginu. **5.**
- K. Nemendum finnst þeir vera öruggir og heilbrigðir, þeim finnst þeir ná árangri, vera virkir og ábyrgir þátttakendur sem njóta virðingar og hjálpa til við að rækta þessa eiginleika hjá öðrum. **5.**

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Flestir nemendur okkar eru áhugasamir og virkir í námi sínu, þeir eru ábyrgir og leggja sitt af mörkum í skólastarfinu og samfélaginu.

- Komið er fram við nemendur á jafnréttisgrunni og af virðingu.
- Næstum allir nemendur taka framförum í námi og eru ánægðir með það sem skólinn hefur að upp á að bjóða.

#### Veiku hliðarnar okkar:

- Vinna þarf betur í námsmati.
- Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda á unglíngastigi en það þarf líka að gera það á miðstigi.

#### Gæðagreinir 5.6

##### Jafnrétti og sanngirni.

- A. Allir nemendur okkar og foreldrar þeirra eru velkomnir í skólann, þarfir þeirra metnar og þeim mætt í samvinnu starfsfólks skólans og samstarfsaðilum þar sem þörf er á.  
**6.**
- B. Við höfum árangursríkar leiðir til að draga úr hindunum er verða á vegi okkar varðandi nám og framfarir og tryggjum að nemendur og foreldrar þeirra taki virkan þátt í skólastarfinu. **5. Já við teljum okkur gera það.**
- C. Skólastarfið einkennist af þátttöku allra og góðri framkomu þar sem byggt er á virðingu fyrir öllu skólastarfi. **5. Við reynum að virkja alla og ná til þeirra sem þurfa aðstoð.**
- D. Við gerum okkur far um að virkja nemendur sem eru fráhverfir skóla og fjölskyldur þeirra og gefum þeim tækifæri til að öðlast reynslu af því að ná árangri og tilheyra samfélaginu innan skólans með jákvæðum hætti. **Við gáfum ekki einkunn hér því við höfum sem betur fer ekki reynslu af þessu.**
- E. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að nemendum sem eiga erfitt uppdráttar í námi. **6.**
- F. Við leggjum áherslu á að sýna í verki þau gildi sem skólinn stendur fyrir. **5. Við þurfum að gera einkunnarorð skólans sýnilegri.**
- G. Við væntum þess af starfsfólki og nemendum að þeir beri ábyrgð, láti sig varða líðan annarra og hafi jafnrétti og sanngirni að leiðarljósi í samskiptum sín á milli. **6.**
- H. Við styðjum jöfn tækifæri og jafnan aðgang í starfi okkar. **6.**
- I. Við kunnum að meta og stuðlum að margbreytileika í skólanum og samfélaginu utan hans en jafnframt leggjum við áherslu á það sem er sameiginlegt í gildum okkar og reynslu. **6.**
- J. Við ræðum opinskátt og á uppbyggilegan hátt um jafnrétti. **6.**
- K. Nemendur okkar eru öryggir í að greina og ræða um mismunun/misrétti. **5. Getan er mest á unglíngastigi en þetta er rætt við yngri nemendur.**
- L. Við fögnum margbreytileika. **6.**
- M. Berum virðingu fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki og komum fram við þau af sanngirni. **6.**

- N. Í skólanum okkar ríkir jafnrétti og allir fá sömu tækifæri til þátttöku og árangurs, óháð menningarlegum bakgrunni, tungumáli, fötlun, kyni, uppruna, trú, kynhneigð og sérþörfum. **6.**

**Sterku hliðarnar okkar:**

- Flestir nemendur okkar eru áhugsamir og virkir í námi sínu, þeir eru ábyrgir og leggja sitt af mörkum í skólastarfinu og samfélaginu.
- Komið er fram við nemendur á jafnréttisgrunni og af virðingu.
- Næstum allir nemendur taka framförum í námi og eru ánægðir með það sem skólinn hefur að upp á að bjóða.

**Veiku hliðarnar okkar:**

- Vinna þarf betur í námsmati.
- Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda á unglingsstigi en það þarf líka að gera á miðstigi.

**Gæðagreininir 5.9**

**Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs.**

- A. Við metum og ígrundum kennsluhætti okkar bæði ein og með samstarfsfólki og breytum til batnaðar. **4. Við metum kennsluhætti okkar en leitum ekki til samstarfsfólk heldur frekar til kennara í öðrum skólum sem eru að kenna það sama og við. Við þurfum að bæta okkur í því að tala meira við samstarfsfólk t.d. um stöðu nemenda.**
- B. Við metum starfshætti skólans með samstarfsaðilum með stöðugar umbætur að leiðarljósi og leggjum í breytingar þar sem þeirra er þörf. **6.**
- C. Við notum árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum starfsfólks, foreldra, nemenda, samstarfsaðila og annarra um gæði skólastarfs. **6.**
- D. Við höfum skipulega samvinnu við þá aðila sem þjónusta börn til að tryggja þróun starfsins. **5.**
- E. Sýn okkar, gildi og markmið eru lögð til grundvallar við mat á skólastarfinu. **5.**
- F. Sjálfsmat okkar beinist að lykilatriðum í námi og námsárangri nemenda. **4. Hefur ekki verið markvisst en erum að taka upp Gæðagreini 4 í haust og skoðum hvað hann hefur upp á að bjóða.**
- G. Það er byggt á margvíslegum leiðbeiningum (um gæðastarf í skólum) og gögnum og er nákvæmt, kerfisbundið og gagnsætt. **5. Erum að nota gæðagreini 2.**
- H. Allir ígrunda núverandi starfshætti og meta nýjungar og breytingar sem gerðar hafa verið. **6.**
- I. Á ekki við okkur.
- J. Við greinum styrkleika okkar og sóknarfæri í skólastarfinu. **5.**
- K. Við deilum með öðrum því sem er til fyrirmyndar í starfi okkar. **4. Mættum vera duglegri að deila því sem gengur vel.**

- L. Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi. **3. Við höldum góðu samstarfi en það mætti vera markvissara. Bæta þarf samstarf við foreldra þar sem foreldrar þyrftu að vera virkari.**
- M. Við tökum virkan þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats skólans og getum sýnt á óyggjandi hátt fram á umbætur sem sjálfsmat skólans hefur leitt til. **4. Við þurfum að vinna markvissar með niðurstöður og á skipulegan hátt.**
- N. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að áframhaldandi framförum í námi og kennslu og námsárangri allra nemenda. **6.**

#### **Sterku hliðarnar okkar:**

- Við metum starfshætti skólans og notum árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum starfsfólks, foreldra, nemenda og samstarfsaðila.
- Við höfum skipulagða samvinnu við þá aðila sem þjónusta nemendurna.
- Við metum starfið markvisst með því að nota Gæðagreini.
- Við viljum áframhaldandi framfarir í námi, kennslu og námsárangri allra nemenda.

#### **Veiku hliðarnar okkar:**

- Við vinnum mikið ein og leitum lítið til samstarfsfólks.
- Sjálfsmatið verður enn markvissara þegar við tökum upp Gæðagreini 4 í haust.
- Við erum ekki nægilega dugleg að deila því til annarra sem gengur vel.
- Við þurfum að bæta samstarfið við skólasamfélagið og foreldra, þar sem foreldrar þurfa að vera virkari.
- Þurfum að vinna markvissar með niðurstöður úr sjálfsmati.

#### **Samantekt**

Skólinn er vel rekinn og uppfyllir lögboðnar skyldur. Framfarir í skólanum er þó nokkrar og árangur hefur batnað hjá flestum nemendum. Líðan, öryggi og virkni nemenda hefur aukist mikið.

Leggja þarf áherslu á læsi og vinna markvisst með lestur til að auka lesfimi og lestrarlipurð.

Komið er fram við nemendur á jafnréttisgrunni og af virðingu en sjónarmiðum nemenda á miðstigi þarf að gefa betri gaum. .Allir eru velkomnir í skólann.

Tekið var upp nýtt námsmatskerfi (Mentor) á skólaárinu og kennarar eru enn að aðlagast því. Huga þarf betur að þeim sem standa illa að vígi og ekki má gleyma þeim sem þurfa meira krefjandi námsefni. Við metum starfshætti skólans með Skólapúlssi, Gæðagreini og samtölum við foreldra og nemendur.

Við viljum áframhaldandi framfarir og bættan námsárangur. Við getum verið duglegri að leita til samstarfsfólks, virkja foreldra og deila því sem gengur vel. Við ætlum að vinna markvisst með niðurstöður úr sjálfsmati.

Umbótaáætlun

**Gæðagreinir 1.1**

Hvað þarf að gera	Hver ber ábyrgð	Hvenær lokið	Hvað þarf til	Hvernig á að meta árangurinn
Auka námsárangur	Allir	Aldrei	Aukið foreldrasamstarf. Einstaklingsmiðað nám.	Með stöðluðum prófum. Lesfimi og samræmd próf.
Huga betur að þeim sem standa illa	Allir	Aldrei	Betra samstarf við heimilin. Einstaklingsmiðað nám. Sérkennsla og stuðningur.	Með stöðluðum prófum.
Afburða nemendur fá nægilega krefjandi námsefni	Kennarar	Aldrei	Halda ekki aftur af nemendum. Virkni kennara. Skipulag sé opið fyrir hraðari yfirferð námefnis..	Með könnun á líðan.

**Gæðagreinir 2.1**

Hvað þarf að gera	Hver ber ábyrgð	Hvenær lokið	Hvað þarf til	Hvernig á að meta árangurinn
Gera námsmatið faglegt	Kennarar og skólastjóri	Jan 2020	Samráðsfund á undirbúningsdögum. Markvissa samvinnu. Skipuleggja tíma í þessa vinnu.	
Leita líka eftir sjónarmiðum nemenda á miðstigi	Kennarar og skólastjóri	Aldrei	Leita markvisst eftir skoðunum þeirra á skólastarfi og ákvarðanatökum.	

**Gæðagreinir 5.9**

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2017 -2018

Hvað þarf að gera	Hver ber ábyrgð	Hvenær lokið	Hvað þarf til	Hvernig á að meta árangurinn
Leita meira til samstarfsfólks	Við öll	Aldrei	T.d. samráðsfund að hausti. Vera opin fyrir aðstoð. Teymisfundir.	Með skólapúlsi starfsmanna.
Gera sjálfsmatið markvissara og taka upp Gæðagreini 4	Skólastjóri	Vor 2019	Námskeið að hausti.	Það að Gæðagreininir 4 sé notaður.
Deila með öðrum því sem gengur vel	Allir	Aldrei	Samráðsfundir.	Með Skólapúlsi starfsmanna.
Bæta samstarf við skólasamfélagið og foreldra. Foreldrar þurfa að vera virkari.	Allir	Aldrei	Halda samráðsfundi með foreldrum.	Með Skólapúlsi foreldra.
Vinna markvissara með niðurstöður úr sjálfsmati.	Skólastjóri	Aldrei	Reglulegir sjálfsmatsfundir	

Við byrjuðum fyrr í ár og unnum sjálfsmatið jafnt og þétt yfir skólaárið. Við ætlum að gera enn betur á næsta ári með nýjan Gæðagreini að vopni. Ræða umbótaáætlun reglulega næsta skólaár og vinna samkvæmt henni.

## Þarfagreining

### Viðhald

Vinna við gólfefnaskipti er hafin ennþá á eftir að klára þá vinnu. Mikið er eftir á neðri hæð skólans. Nauðsýnlegar þakviðgerðir vegna leka eiga að fara fram í sumar. Kominn er tími á að mála skólahúsnæðið að miklu leyti að innan. Taka þarf niður bráðarbyggðarvegg milli stofa á efri hæð og setja upp rennihurð. Endurnýja anddyrið, en það sést meðfram útihurð og hún er ekki þétt. Endurnýja þarf klósettaðstöðu bæði nemandu og starfsmanna. Laga þarf vinnuáðstöðu

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2017 -2018

kennara, taka niður einn vegg milli vinnuherbergis og lítils herbergis þar við hlið til að stækka vinnuherbergið. Færa þarf hurð inn til skólastjóra, þannig að kompa þar nýtist betur. Mála og endurnýja einhver húsgögn á kennarastofu. Skipta út innréttingu á kennarastofu og setja nýja innréttingu og bakaraofna í heimilisfræðistofu. Laga þarf handrið og bryggju á skólalóð þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Aðgengi fatlaðra að efrihæð og klósettaðstöðu er ekki til staðar.

### Fjárfestinga

Klára þarf skólalóð, gera bílastæði við skólann og tryggja öryggi barna við komu og brottför úr skóla. Endurnýja tölvubúnað nemenda og kennara. Endurnýja húsgögn í vinnuaðstöðu kennara. Endurnýja eldhús á kennaraaðstöðu og í heimilisfræði samt tækjum.

### Fjárhagsáætlun

	2017
Áætlun	87.163.440 kr.
Rauntölur	86.986.546 kr.
Mismunur	+ 176.894 kr.

Fjárhagsáætlun stóðst vel 2017 og er þarna smá afgangur.